



Forstöðumannaskýrsla 14.febrúar 2023

Íþrótt- og tómstundafulltrúi

Íþróttamiðstöð – Tjaldsvæði – Ozon – Félagsstarf eldri borgara –
Ungmennahús – Vinnuskóli – Sumarnámskeið- Hamingjudagar

Hrafnhildur Skúladóttir

Fyrirhuguð verkefni:

- Ráðning sumarstarfsfólks og skipulag sumarstarfs
- Afhending viðurkenninga á Íþróttadegi Grunn- og leikskólans

Verkefni í vinnslu:

- Klára fjárhagsuppgjör Erasmus+ verkefni og skýrslugerð, fundi með verkefnastjóra Erasmus+ á Íslandi lokið og vinna komin af stað.
- Vinna að samstarfsverkefni með nágrannasveitafélögum fyrir eldri borgara með svipuðu sniði og fyrir þátttakendur í Ozon. Ekki gengið að funda vegna veðurs ofl.
- Áframhaldandi endurbætur í Íþróttamiðstöð. Verkefnastjórnun, hönnun og utanumhald.
- Undirrituð er komin í vinnuhóp stjórnenda íþróttamannvirkja á landsvísu sem vinnur að gerð námsefnis fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja. Samstarf sem Símeý á Akureyri heldur utan um. Tveimur fundum lokið í janúar.
- Undirrituð, sem situr í stjórn SFSÍ, samtökum forstöðumanna íþróttamannvirkja á Íslandi sinnir nú og næstu mánuði vinnu, fyrir þeirra hönd, við að endurskoða kennsluefni og færa utanumhald laugarvarðanámskeiða á eina hendi, til Rauða Kross Íslands, sem mun halda utan um námskeiðshald með breyttu sniði. Gert er ráð fyrir að breytingin verði komin að fullu til framkvæmda þegar líta tekur á árið. Tveimur fundum einnig lokið hér í janúar.
- Auglýsa smiðjuvinnu í Ozon til vors.

Verkefnum lokið

- Fundur var haldinn í byrjun árs í Ungmennaráði Strandabyggðar, sem bíður eftir svari um fund með sveitarstjórn Strandabyggðar. Vonandi næst hann sem fyrst.
- Skipulagning starfs eldri borgara, með breyttu sniði vegna ástands í grunnskóla. Áhöld til gler- og leirvinnslu hafa verið keypt og starf sem var í smíðastofu Grunnskóla hefur verið flutt tímabundið í Félagsheimilið. Leiðbeinendur hafa farið á námskeið og eru að víða að sér frekari þekkingu til kennslu.
- Vinnuskipulag til vors miðað við breyttan starfsmannahóp í Ozon, þar sem búið er að ráða í stað þeirra sem hættu um og fyrir áramót.
- Ozon skipulag til vors og drög að dagskrá. Skipulag komið á smiðjuvinnu og efniviður klár að einhverju leyti.